



25
ára
1994
2019



IÐNÆPING
2019

Íslenskur lónaður í fortíð,
nútið og framtíð



Fjölmennt á Iðnþingi

Hátt í 400 gestir sátu Iðnþing 2019 sem fram fór í Silfurbergi í Hörpu. Yfirskrift þingsins var Íslenskur iðnaður í fortíð, nútíð og framtíð og var þess minnst að 25 ár eru liðin frá stofnun Samtaka iðnaðarins. Íslenskur iðnaður hefur verið órjúfanlegur hluti af sögu Íslands og var á þinginu horft á það sem áunnist hefur í áranna rás, varpað var upp myndum af stöðu dagsins í dag, auk þess sem rýnt var í framtíðina sem er rétt handan við hornið. Ljósmyndarinn Birgir Ísleifur Gunnarsson tók myndir af þinginu.



Það var fjölmennt í Iðnó á Nýsköpunarráðstefnu Samtaka iðnaðarins.



Sigríður Mogensen sviðstjóri hugverkasviðs Samtaka iðnaðarins ræðir við Frosta Ólafsson, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Marel á Íslandi, og Frosti Ólafsson, forstjóri ORF Líftækni.

Nýsköpunarstefna SI kynnt fyrir fullum sal

Fjölmennt var á fundi Samtaka iðnaðarins í Iðnó þar sem nýsköpunarstefna samtakanna var kynnt. Í stefnunni eru meðal annars sett fram fjögur markmið til að unnt verði að ná fram metnaðarfullri framtíðarsýn um að á Íslandi verði skilyrði til nýsköpunar með því besta sem þekkist í heiminum. Einnig eru lagðar fram fjölmargar tillögur að því hvernig ná má markmiðunum. Á fundinum fluttu framsögu Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverkasviðs SI, og María Bragadóttir, fjármálastjóri Efni. Í pallborðsumræðum tóku þátt Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Marel á Íslandi, og Frosti Ólafsson, forstjóri ORF Líftækni.



50 ÁRA AFMÆLISÍS

Mjúkis



— MED —

BOURBON-VANILLU, HVÍTU
& DÖKKU SÚKKULAÐI,
KARAMELLU- & SÚKKULAÐISÓSU



Ómótstæðilegur í hálfa ísöld. Bourbon-vanilluís með hvítu og dökku súkkulaði, sveipaður karamellu- og súkkulaðisósu, er blanda sem mun vekja lukku í minnst 50 ár til viðbótar.



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

„Megum ekki missa af tækifærum fjórðu iðnbyltingar“

Pórdís Kolbrún Reyk fjörð Gylfadóttir er dóms-, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra Íslands. Hún er sannfærð um að iðnaður í landinu leiki eitt af aðalhlutverkum í sögu samfélagsins.

Elínros Línal | elinros@mbi.is

Víð Íslendingar höfum í gegnum aldirnar verið nokkuð dugleg að segja sögu okkar sem þjóð sem lagði stund á landbúnað og sjávarútveg og þegar tími gafst til, einnig bókmennir og listir. Þetta er það sem við lögðum stund á í gegnum aldirnar og þetta var það sem hélt í okkur lífinu, líkamlega og andlega.“

Pórdís segir þetta að sjálfsgöðu einföldun á ákveðinni staðalmynd, sem er sífellt fjær því að segja alla söguna eftir því sem við litum okkur nær í tíma. „Saga okkar er nefnilega líka saga handverks, iðnaðar, orkuframkvæmda og hitaveituvæðingar, mannvirkjagerðar, áframvinnslu afurða, sköpunargleði í matargerð, vörupróunar, arkitektúrs, fatahönnunar, forritunar, hönnunar á ótal sviðum – og sífellt framsæknari nýtingar hugvits í vísindum og tækni. Þessi merkilega saga – iðnsaga okkar Íslendinga – vill stundum falla í skuggann af öðru í sjálfsmýnd okkar. Iðnaður leikur auðvitað eitt af aðalhlutverkunum í sögu okkar samfélags og hlutur iðnaðar má að ósekju verða stærri hluti okkar sjálfsmýndar.

Það er mikilvægt og ánægjulegt að sjá að á síðustu árum hefur bæði virðing og ásókn í iðn- og tæknináam verið að stóruaust enda þurfum við virkilega á því að halda að hér sé góð þekking og fagmennska í iðngreinum. Auk áherslu á menntun á þessu sviði, þurfum við að leggja okkur fram um að kynna sterkar fyrirmyndir á þessu sviði og segja frá þeim dæmum sem við höfum um framúrskarandi fyrirtæki á sviði iðnaðar. Svo þurfum við að leggja áherslu á nýsköpun og sköpunarkraft á sviði iðngreina í takt við þarfir samfélagsins hverju sinni.“

Þurfum að fara vel með verðmætin okkar

Á Iðnþingi var meðal annars rætt um stöðugleika. Hvernig telur þú best að koma stöðugleika á?

„Á þessum tímum örra tæknibreytinga er mikilvægt að við sem þjóð náum samkomulagi um ákveðin grunngildi. Við þurfum að draga fram styrkleika okkar í alþjóðlegu samhengi og

byggja á þeim frekar. Þó svo við séum lítil þjóð og með lítið hagkerfi, þá felast einmitt ýmis tækifæri í smæð þjóðarinnar og staðsetningu landsins, ef við náum að halda rétt á spílum, t.d. á sviði nýsköpunar í sjávarútvegi, orkumála og heilbrigðistækni. Við þurfum að leggja áherslu á skynsamlega og sjálfbæra uppbyggingu atvinnuvega og við þurfum að fara vel með verðmætin okkar, stór og smá, efnislæg og huglæg.

Við leggjum okkar af mörkum með ábyrgri stefnu í ríkisfjármálum. Við erum auk þess með ramma peningastefnu í endurskoðun.

Enginn einn getur borið ábyrgð á stöðugleikanum en ef allir gera sitt getum við náð árangri. Flestir sjá að það er ekki ríkisstjórnin sem er ógn við stöðugleikann í augnablikinu. Uppgreiðsla skulda ríkisins og afgangur á fjárlögum hefur dregið úr lánsfjárbörð. Þetta hefur m.a. leitt til lægri ávöxtunarkröfu undanfarin ár.

Það er að sama skapi mjög mikilvægt að huga vel að því að tækniþyrling leiði ekki til aukinnar aðgreiningar í þjóðfélaginu. Við þurfum þannig að vera reiðubúin að hlusta á þær raddir sem finnast vanta skýrari svör við spurningum samtímans og í umræðum um velferðarkerfi og jöfnuð þurfum við að hafa opna umræðu um það hvað er raunverulega til skiptanna.“

Megum ekki missa af tækifærunum

Pórdís segir að nú sé unnið að nýsköpunarstefnu í ráðuneytinu. En hvaða máli skiptir nýsköpun fyrir íslenskt samfélag og þá hvaða máli skiptir að hafa nýsköpunarstefnu? Hefði mátt móta atvinnustefnu fyrst?

„Allt atvinnulífið er á tímamótum um þessar mundir og við þurfum á öflugri nýsköpun að halda í öllum atvinnugreinum og raunar á öllum sviðum þjóðfélagsins til að mæta þeim samfélagslegu áskorunum sem við stöndum frammi fyrir. Við megum undir engum kringumstæðum missa af þeim möguleikum sem felast í fjórðu iðnbyltingunni, við þurfum að hafa lausnir sem tryggja að heilbrigðiskerfið okkar sé í fararbroddi og kannski umfram allt verðum við að bregðast við þeim miklu

áskorunum sem við stöndum frammi fyrir í loftslagsmálum.

Nýsköpun er forsenda þess að við getum áfram tryggt góð lífsskjör og hagsæld á Íslandi sem standast samanburð við það sem best gerist. Efling nýsköpunar er þannig ekki val, heldur nauðsyn og þar af leiðandi eitt mikilvægasta verkefni þessarar ríkisstjórnar.

Það er mikilvægt að nýsköpun sé sjálfsagður þáttur í öllum atvinnugreinum og þá má nefna sem dæmi að verkefni okkar eiga ekki að snúast um nýsköpun eða ferðaþjónustu, heldur nýsköpun í ferðaþjónustu. Á sama hátt ræðum við ekki um nýsköpun eða sjávarútveg, heldur nýsköpun í sjávarútvegi, nýsköpun í orkuvinnslu og orkufrekum iðnaði, nýsköpun í opinberri þjónustu, nýsköpun í heilbrigðisþjónustu, nýsköpun í menntun og svo framvegis. Í öllum þessum greinum leggjum við áherslu á að styðja nýsköpun af hálfu frumkvöðla sem búa til ný fyrirtæki, ný störf, ný verðmæti og einnig að styðja við nýsköpun í rótgrónum fyrirtækjum.

Í vinnu við nýsköpunarstefnu leggjum við upp úr því að vera í góðu samstarfi við aðra stefnumótunarvinnu í landinu. Það skiptir kannski ekki öllu máli í hvaða röð stefnur eru unnar, heldur fyrst og fremst að það eigi sér stað stöðugt samtal, upplýsingaflæði og skoðanaskipti milli mismunandi fagaðila og stefnumótandi aðila.“

Myndi einfalda regluverk og einfalda samskipti

Hvað myndir þú gera ef þú hefðir frjálsar hendur í einn dag fyrir iðnað í landinu?

„Fá fleiri íslenska iðnaðarmenn sem framleiða íslenska hönnun og hugverk. Vekja fólk til umhugsunar um handverk í stað of mikillar fjöldaframleiðslu, þá varðveislu handverks en ekki gamalla bygginga eingöngu. Einfalda regluverk heilmikið og einfalda öll samskipti við hið opinbera. Eða eyða einfaldlega deginum með pabba, iðnaðarmanninum á Grundartanga-svæðinu, spjalla við starfsmennina þar og heyra þælingar þeirra um hvernig innleiða megir nýjar lausnir í geiranum. Það held ég gæti orðið afskaplega skemmtilegur og ekki síður gagnlegur dagur. Af nógu er að taka.“



Stundum þarf tvo til

- því að sumt virkar betur saman

Heilsutvenna uppfyllir daglega vítamín- og steinefnaþörf Íslendinga í tveimur perlum.

Lýsi

LEYNIVORPN ÞJÓÐARINNAR



Samtökin öflugasti málsvari iðnaðar í landinu

Guðrún Hafsteinsdóttir, einn eigenda Kjöriss í Hveragerði, var endurkjörin formaður á Iðnþingi með 95,9% atkvæða og mun því sitja sem formaður til Iðnþings 2020. Guðrún hefur verið formaður SI frá árinu 2014. Hún er með sterka sýn fyrir samtökin og leggur áherslu á hvað sameinar iðnaðinn í landinu.

Elínros Líndal | elinros@mbl.is

Á Iðnþinginu fögnuðuð þið 25 ára afmæli Samtaka iðnaðarins, geturðu sagt mér frá tilurð og stofnun samtakanna?

„Samtök iðnaðarins voru stofnuð í september 1993 þegar sameinuð voru sex helstu samtök iðnaðar á þeim tíma. Það voru Félag íslenskra iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Félag íslenska prentiðnaðarins, Verktaka-samband Íslands, Samband málm- og skipasmiðja og Meistara- og verktakasamband byggingamanna.“

Guðrún segir að í ávarpi til stofnfundarins hafi Haraldur Sumarliðason, þá nýkjörinn fyrsti formaður Samtaka iðnaðarins, sagt að hvati Samtaka iðnaðarins til að sameinast væri ekki erfiðleikatímar í íslensku atvinnulífi heldur hin mörgu mikilvægu mál sem sameinuðu þá sem að samtökunum stóðu. „Hann lagði áherslu á það sem sameinaði okkur, miklu fremur en það sem sundraði. Þrátt fyrir það tiltók Haraldur sérstaklega – við þessi tímamót – að atvinnulífið hefði líklega aldrei orðið að takast á við meiri vanda en þá.“

Guðrún útskýrir að höfuðmarkmið hinna nýju samtaka hafi verið að auka áhrif iðnaðarins í þjóðfélaginu, vinna að bættum starfsskilyrðum, hvetja til hagkvæmni í rekstri og leggja áherslu á markvissa vörupróun, markaðsstarfsemi og menntamál. „Enn í dag erum við að berjast fyrir þessum mállefnum með sérstaka áherslu á að styrkja samkeppnishæfni í málaflokkum sem mestu varða um framleiðni, þ.e. menntun, innviðum, nýsköpun og starfsumhverfi.“

Meiri þekking og skilningur til staðar

Guðrún segir að þegar hún líti til baka sé ekki nokkur vafi í hennar huga að samtökin hafi margsannað tilgang sinn og mikilvægi. „Á þeim tíma sem þau voru stofnuð var takmarkaður skilningur á mikilvægi iðnaðarins, einhæfni atvinnulífsins var enn meiri en núna og margir litu svo á að Ísland væri ekki áhuga-verður staður til að fjárfesta á, framleiðni væri lítil og samkeppnishæfni samfélagsins um leið. Öll þau ár sem samtökin hafa starfað hafa þau barist fyrir þessu tvennu öðru fremur, bættari framleiðni og aukinni samkeppnishæfni. Ef eitthvað getur talist kjarninn í málafnastarfi samtakanna þá eru það þessir tveir þættir.“

Hún er sannfærð um að sameining þessara sex samtaka í ein hafi tekist með svo farsælum og árangursríkum hætti að Samtök iðnaðarins séu í dag stærstu og öflugustu hagsmunasamtök atvinnurekenda á Íslandi. „Það er óhætt að segja að við höfum rödd sem hlustað er á.“

Hvaða verðmæti eru í því fyrir félagsmenn að vera í Samtökum iðnaðarins?

„Verðmætin liggja óneitanlega í samtakamættinum og því að skapa eina sterka rödd fremur en vera með mjóróma kóra úr öllum áttum. Samtök iðnaðarins eru öflugasti málsvari iðnaðar hér á landi. Við gætum hagsmuna iðnaðarins og vinnum markvisst að því að efla samkeppnishæfni iðnaðar hér á landi. Auk þess veitum við félagsmönnum okkar ýmsa þjónustu og ráðgjöf. Við erum ólík innbyrðis og leggjum því höfuðáherslu á það sem er okkur sameiginlegt – en erum um leið dugleg að hlúa að því sértæka.“

Samtök iðnaðarins byggjast á viðamiklu grasrótastarfi. Við erum með um fjörutíu undirsamtök – og starfsgreinahópa þar sem gríðarlega mikið málafnastarf er unnið. Þetta er grasrótin okkar. Í þessum hópum koma saman félagsmenn sem eiga sameiginlega hagsmuna að gæta og vinna sameiginlega að því að bæta starfsumhverfi sinna atvinnugreina. Má í þessu sambandi nefna Félag vinnuvélaeigenda, Félag ráðgjafarverkfræðinga, Samtök arkitektastofa, meistarafélög einstakra iðngreina, Samtök sprotafyrirtækja og þannig mætti lengi telja.“

1.400 félagsmenn í Samtökum iðnaðarins

Hvað finnst þér helst hafa breyst á þessum tíma sem samtökin hafa verið starfrækt? Hvað hefur helst áunnist?

„Það hefur mjög margt áunnist sem hefur gert íslenskan iðnað öflugri. Greinin hefur vaxið og dafnað og hefur aldrei verið jafn umfangsmikil og fjölbreytt og nú. Árangur hefur náðst í því að efla samkeppnishæfni og framleiðni hefur aukist. Framþróun hefur orðið í þeim málaflokkum sem við berjumst fyrir umbótum í.“

Samtökin eru einnig orðin mjög stór. Við erum í dag með um 1.400 félagsmenn. Það er ekki hægt annað en að gleðjast yfir því hversu vel samruni þessara sex samtaka sem stofnuðu SI hefur gengið sem og innganga annarra samtaka inn í SI. Það sýnir vel mikilvægi samtaka eins og okkar fyrir félagsmenn okkar. Starfsemi okkar hefur vitaskuld breyst töluvert en áherslur okkar eru þó ávallt þær sömu, að auka samkeppnishæfni íslensks iðnaðar.“

Hvernig sérðu fyrir þér að samtökin þróist á næstu árum? „Það er gríðarlega mikilvægt að samtökin haldi áfram að þróast í takt við samfélagið og haldi áfram að eflast og styrkja starfsemi sína á alla lund. Framtíðin er björt fyrir íslenskan iðnað og atvinnulíf en við megum þó aldrei sofna á verðinum og verðum að halda vöku okkur til þess að Ísland verði ákjósanlegur staður fyrir fólk og fyrirtæki.“

Í ræðu þinni á Iðnþingi nefndirðu að opinberir starfsmenn

ættu aldrei að leiða launaþróunina í samfélaginu. Hvernig líst þér á þá stöðu sem nú er á vinnumarkaði?

„Eftir fordæmalaus uppsveiflu í efnahagslífi okkar sjáum við nú skýr merki kólnunar í hagkerfinu – í fyrsta sinn í sjö ár. Verkföll beint ofan í þessa stöðu gætu valdið miklum skaða fyrir íslenskt efnahagslíf. Um það er ekki deilt.“

Krafan er sú að laun verði hækkuð langt umfram það svigrúm sem efnahagslífið veitir okkur. Það gengur auðvitað ekki upp, við getum ekki skipt gæðum sem við eigum ekki til. Málið horfði allt öðruvísi við í síðustu kjarasamningum en þá féllu margir þættir með okkur. Ferðamenn tóku að streyma til landsins sem aldrei fyrr, makríllinn heimsótti okkur, vextir lækkuðu og krónan styrktist, allt þættir sem féllu með okkur. Nú er staðan aftur á móti þannig að við erum að sjá fram á örari kólnun í hagkerfinu en við gerðum ráð fyrir og því er hætt við að landingin verði harkaleg ef okkur tekst ekki að ná skynsamlegri lausn varðandi vinnumarkaðinn.“

Áskoranir fjölmargar í landinu

Hverjar eru helstu áskoranirnar sem íslensk iðnfyrirtæki standa frammi fyrir núna?

„Eins og áður sagði þá er mesta áskorunin núna að ná samningum á vinnumarkaði. Ef það fer úr böndunum þá verður rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja gríðarlega krefjandi og samkeppnishæfni okkar mun minnka til mikilla muna. Það verður mikil áskorun fyrir okkar fyrirtæki að tækla það.“

Fjölmargar áskoranir eru einnig innan þeirra málaflokka sem við leggjum áherslu á, þ.e. menntun, innviða, nýsköpunar og starfsumhverfis. Má í því sambandi nefna menntakerfið okkar en það er gríðarlega mikilvægt að við höldum áfram að hlúa að menntun og þá sérstaklega iðn-, verk- og tæknimenntun. Okkur vantar fleiri flotta nemendur inn í þær greinar og vil ég hvetja bæði nemendur og foreldra þeirra sem nú standa frammi fyrir því að velja framtíðarnám fyrir sig að skoða möguleikana sem iðn-, verk- og tækninám býður upp á. Úti í atvinnulífinu er beðið eftir öflugum fólki sem kemur til með að móta næstu framtíð.“

Guðrún segir mikinn heiður fólgin í því að fá tækifæri til að leiða samtök á borð við Samtök iðnaðarins.


„Ég er gríðarlega stolt af þeim fjölda fyrirtækja sem eru innan okkar vébanda og ég er einnig gríðarlega bjartsýn fyrir Íslands hönd. Við eigum svo margt gott í þessu landi og þrátt fyrir að skilyrðin séu og hafi verið á margan hátt óhagfelld okkur hefur tekist að byggja upp öflugan iðnað hér á landi til hagsbóta fyrir land og þjóð.“



► Íslenskur iðnaður styrkir stoðir samfélagsins

Verðmætasköpun sem byggir á öflugu, fjölbreyttu og samkeppnishæfu atvinnulífi er forsenda góðra lífskjara. Samtök iðnaðarins, sem hreyfiafl í íslensku samfélagi, vinna að umbótum til hagsbóta fyrir iðnaðinn, atvinnulífið og landsmenn alla. Innan Samtaka iðnaðarins eru 1.400 fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum sem starfa í ólíkum starfsgreinum en saman styrkja þau stoðir samfélagsins.

Samkeppnishæft og stöðugt starfsumhverfi, traustir innviðir, fjölbreytt menntun og verðmæt nýsköpun eru grunnur fyrir framþróun lífskjara hér á landi. Með árangri á þessum sviðum má áfram skapa Íslandi sæti í fremstu röð þeirra landa þar sem best er að búa.



www.si.is

25
ára
1994
2019



Samtök
iðnaðarins



Ingólfur Bender segir Íslendinga fljóta að tileinka sér nýja tækni en hér þurfi samkeppnisskilyrði að vera í lagi.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Iðnbyltingar auka lífsgæðin

Ingólfur Bender, aðalhogfræðingur Samtaka iðnaðarins, segir að saga iðnaðarins í landinu sé saga breytinga í atvinnuháttum og lífsgæðum þjóðarinnar.

Elínros Líndal | elinros@mbl.is

Á Iðnþingi voru sýnd fjögur myndbönd þar sem farið var yfir sögu iðnaðar á Íslandi sem þú vannst að. Þegar þú skoðaðir þessa sögu hvað í henni finnst þér markverðast?

„Mér finnst í raun markverðast að saga iðnaðar hér á landi síðustu 150 árin er saga breytinga í atvinnuháttum og lífsgæðum þjóðarinnar sem eiga sér ekki fordæmi hér á landi. Á þessum tíma fóru landsmenn úr torfbæjum yfir í nútímaþægindi. Gjörbreyting varð á hagkerfinu, samfélaginu og lífnaðarháttum landsmanna.“

Frá heimilisiðnaði í máttarstólpa

Ingólfur segir að þegar iðnvæðingin hefst hér á landi hafi Íslendingar verið að mestu fátækir bændur og verið það frá landnámi. „Lítið hafði breyst í lífsgæðum í um þúsund ár. Iðnaðurinn óx á þessum 150 árum úr því að vera aðallega heimilisiðnaður í að verða máttarstólpi í íslensku efnahagslífi – fjölbreytt atvinnugrein sem er búin að vera drifjöður atvinnusköpunar og aukinnar velmegunar þennan tíma, grein sem hefur byggt íbúðarhús, lagt vegi og byggt brýr, fætt og klætt, reist raforkukerfi, veitukerfi, gagnatengingar og búið til tæknilausnir sem gera daglegt líf íbúa þessa lands og annarra betra.“

Iðnvæðingin skilaði sér

Hvaða framfarir voru það sem höfðu mest áhrif? „Það voru tæknibreytingar á sviði iðnaðar sem gerðu það að verkum að hægt var að nýta auðlindir landsins til atvinnu- og verðmætasköpunar sem höfðu mest áhrif. Sökum einangrunar voru landsmenn lengi að tileinka sér þessar tækninýjungar sem höfðu verið að breyta atvinnuháttum í flestum öðrum nálægum ríkjum í kjölfar fyrstu iðnbyltingarinnar. Iðnvæðingin skilaði sér hins vegar hing-að á endanum þó að það hafi verið um 100 árum síðar en víða annars staðar.

Iðnbyltingarnar leystu úr læðingi auðlindanýtingu hér á landi sem bætt hafa lífsgæði landsmanna umtalsvert. Vélvæðing fiskiskipafloðans var fyrsta stóra stökkið en síðan kom raforkuvæðingin. Það var bylting þegar við fórum að nýta orku fallvatnanna og síðar það sem fólst í jarðvarma til rafmagnsframleiðslu og verðmætasköpunar.

Við þetta bættust síðan aðrar tækninýjungar síðari iðnbyltinga sem við vorum mun fljótari að tileinka okkur og hafa haft mikil áhrif á lífsgæði og atvinnuhætti hér á landi. Það er í raun nokkuð magnað til þess að hugsa að tæknibreytingar á sviði iðnaðar hafa rofið að stórum hluta þá einangrun sem Íslendingar bjuggu við og breytt Íslandi í það

alþjóðlega samfélag sem það er í dag.“

Hvernig sérðu fyrir þér að iðnaður muni þróast á næstu áratugum?

„Í ljósi þeirra miklu breytinga sem hafa verið hér á landi á síðustu áratugum er hægt að segja með nokkuð góðri vissu að iðnaðurinn ásamt hagkerfinu öllu mun að öllum líkindum taka mjög miklum breytingum á næstu áratugum. Svo dæmi sé tekið er líklegt að stór hluti þeirra starfa sem til eru í dag í iðnaði og hagkerfinu öllu breytist verulega. Tæknibreytingar eru mjög örar og íslenskt samfélag er fljótt að aðlagast þeim.

Hversu vel okkur tekst hins vegar að aðlagast þessum breytingum og nýta okkur þær til að efla efnahags- og atvinnulíf hvílir á samkeppnishæfninni. Sagan kennir að lykilþættirnir þar eru menntun, innviðir, nýsköpun og starfsumhverfi. Með öflugri stöðu á þessum sviðum er líklegt að við getum byggt hér upp hagkerfi sem er eftirsótt til búsetu og atvinnurekstrar. Sagan kennir einnig að Íslendingar eru fljótir að aðlagast breyttum atvinnuháttum. Ef okkur tekst að tryggja samkeppnishæfni okkar með sterkri stöðu á þessum sviðum þá er ég ekki í nokkrum vafa að iðnaður líkt og aðrar greinar mun vaxa og dafna hér á landi lítið til framtíðar.“


Hvatningarsjóður fyrir nemendur í iðn- og starfsnámi

Kvika í samstarfi við Samtök iðnaðarins stofnaði á síðasta ári hvatningarsjóð sem veitir styrki til nema í iðn- og starfsnámi. Styrktarfrárhæð sjóðsins er 5 milljónir króna árlega í þrjú ár. Í fyrstu úthlutun úr sjóðnum hlutu styrki 10 nemendur sem stunda nám í bakaraiðn, húsasmíði, rafvirkjun, málmiðnaði, rafíðnaði, vélstjórn, vélvirkjun, mjólkurfræði og gull- og silfur-smíði. Nú hefur verið opnað fyrir styrki úr sjóðnum þetta árið en umsóknarfrestur rennur út 30. apríl næstkomandi. Meðfylgjandi mynd var tekin við úthlutun úr sjóðnum þar sem fulltrúar SI og Kviku eru með hluta af styrkþegum.



Á myndinni eru, talið frá vinstri, Marínó Örn Tryggvason, Ester María Eiríksdóttir, Jón Örn Eiríksson, Sigurður Aron Þorsteinsson, Guðrún Hafsteinsdóttir, Fannar Smári Sindrason, Svala Björk Svavarsdóttir og Sigurður Hannesson.

NÁÐU ÞÉR Í
NÁTTÚRU



Egils



„Mikilvægt að breyta markmiðum í loftslagsmálum í aðgerðir“

Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir er framkvæmdastjóri fjármála, reksturs og mannauðs hjá Carbon Recycling International (CRI), íslensku nýsköpunarfyrirtæki í efnaiðnaði.

Elínros Lindal | elinros@mbl.is

CRI hefur þróað og innleiðir umhverfisvæna tækni sem breytir koltvísýringsútblæstri í gagnlega efnavöru og endurnýjanlegt fljótandi eldsneyti. Framleiðslutækifæri og markaðir fyrir vöruna eru bæði á Íslandi og erlendis.

Margrét er með menntun á sviði iðnaðarverkfræði, orkufræði og hagfræði og hefur verið virk á sviði iðnaðar, fjármögnunar, sjálfbærni og nýsköpunar í yfir 10 ár.

„Stolið“ í bankana

„Maður byrjaði eins og fleiri að vinna á verkfræðistofu eftir útskrift og vann ég við uppbyggingu Hellsheiðarvirkjunar en mér var „stolið“ í bankana eins og fleirum á uppgangstíma fjármálageirans,“ segir Margrét og brosir.

„Upp úr 2009 var ljóst að leiðin út úr niðursveiflunni var með nýsköpun og á vegum bankans vann ég náið með og fyrir sprotafyrirtæki og hagsmunaaðila til að aðstoða fyrirtæki að vaxa og skapa meiri verðmæti. Þetta umhverfi er svo skapandi og skemmtilegt að ég hef haldið áfram að starfa í því.“

Margrét hefur setið í stjórn Samtaka sprotafyrirtækja frá árinu 2015 og verið leiðbeinandi og dómari í ýmsum nýsköpunarkeppnum á Íslandi og erlendis. Að auki er hún varaformaður í framleiðsluráði Samtaka iðnaðarins.

Stöðugleikinn fillinn í herberginu

Hverjar eru helstu áskoranir sem fyrirtæki í iðnaði standa frammi fyrir?

„Augljósu áskoranirnar í iðnaði eru gjaldeyrisseiflur, hækkandi rekstrarkostnaður og skortur á starfsfólki með iðn- og tækni-menntun. Fyrirtæki hafa gert margt til að vinna með og gegn



Tæknin sem CRI hefur þróað snýst í grófum dráttum um að breyta koltvísýringsútblæstri (CO₂) í fljótandi eldsneyti.

Ljósmynd/Aðsend

Margrét Ormslev er á því að við ættum að hlusta á komandi kynslóðir og breyta markmiðum í loftslagsmálum í aðgerðir.

Þessu eins og með aukinni fjárfestingu í sjálfvirkni, samrunum og hagræðingu annars vegar og stuðningi við nemendur og námskeiðum/starfskynningum hins vegar. Stjórnvöld eru á réttri leið t.d. með nýlegri umræðu um nauðsyn þess að menntakerfið sé betur aðlagð þörfum atvinnulífs og að stuðla að skilvirkari stofnunum. Þó virðast stöðugleikamál vera fillinn í herberginu sem fáir eru tilbúnir að takast á við.

Fyrir fámenna þjóð lengst norður í hafi er útflutningur á vörum

dýr enda kemur ekki á óvart að þjónusta er stór hluti af útflutningsverðmætum Íslands.

En til staðar eru áskoranir sem eru ekki eins augljósar. Við Íslendingar erum sérstaklega útsett fyrir áhættu sem stafar af loftslagsbreytingum, þar með talin súrnun sjávar. Útflutningstekjur, hvort sem horft er til sjávarútvegs, ferðamennsku eða orkufreks iðnaðar eru háðar náttúruauðlindum að stórum hluta. Loftslagsmál eru ekki lengur bara viðfangsefni fræðimanna og embættismanna, til að mæta kröfum alþjóðastofnana og greiningaraðila. Munu fjármálastofnanir og fjárfestar þurfa að greina loftslagsáhættu í eignasafni og rekstri og sýna hvernig þeir hyggist haga fjárfestingu til að

draga úr áhættunni. Þannig munu loftslagsmál byrja að hafa áþreifanleg áhrif á áhættustýringu, fjármögnun og rekstur og stjórnendur þurfa að tileinka sér ný hugtök og aðferðafræði. Í þessu eru fölgir bæði tækifæri og ögranir.

Hún segir að þegar litið sé til áskorananna sé augljóst að hugverkaíðnaðurinn þarf að vaxa og verða fjórða stoðin til að tryggja framtíðarhagvöxt og minnka áhættu í íslensku atvinnulífi.

Með auknum vexti koma í ljós veikleikar

Eru einhverjir veikleikar á nýsköpunarumhverfinu á Íslandi að þínu mati?

„Nýsköpunarumhverfið á Íslandi er almennt gott er kemur að gras-

rótinni. Íslendingar eru skapandi og óhræddir við að láta vaða. Stuttar boðleiðir og lítill lagskipting í atvinnulífinu auðvelda fyrstu skrefin. Á þessu stigi eru einkum flækjustig stofnana, regluverks og styrkjaumhverfis sem leiða til óskilvirkni. Einfaldasta leiðin til úrbóta væri meira hagræði og gagnsæi í hlutverkum stofnana/styrkja, svo og stafræn stjórnsýsla.

Þegar kemur að vexti sprotafyrirtækja eða stærri nýsköpunarverkefnum koma í ljós veikleikar.

Fyrirtækin geta sótt í fremur takmarkaðan mannauð innanlands og þurfa því í vaxandi mæli að laða að erlendan starfskraft eða Íslendinga búsetta erlendis. Árið 2016 voru teknir í gagnið hvatar til að



Átakið Íslenskt – gjörið svo vel fær viðurkenningar

Kynningarátakið Íslenskt – gjörið svo vel sem auglýsingastofan Hvíta Húsið vann hefur hlotið tvær viðurkenningar að undanfögnu. Annars vegar hlaut átakið tilnefningu í flokki staf-rænna auglýsinga í Íslensku auglýsingaverðlauninum sem Ímark stendur að í samstarfi við Samband íslenskra auglýsinga-

stofa. Hins vegar hlaut átakið tilnefningu í stafrænum flokki FÍT-verðlaunanna sem Félag íslenskra teiknara stendur að. Átakinu sem er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Samtaka verslunar og þjónustu, Samtaka atvinnulífsins og Bændasamtaka Íslands er ætlað að efla vitund Íslendinga um íslenskar vörur.



Íslenskt, gjörið svo vel.

Ljósmynd/Aðsend

laða sérfræðinga til landsins en ýmsa vankanta þarf að sníða af því kerfi auk þess að almennt mætti gera leyfisveitingarferlin gagnsærri og fljótlegri. Einnig þyrftu almennar upplýsingar um að flytja til, búa og vinna á Íslandi að vera aðgengilegar og aðlaðandi líkt og þekkist í öðrum ríkjum s.s. Svíþjóð. Það er ekki bara hagur fyrirtækisins að laða til sín starfsmann með sérþekkingu heldur græðir samfélagið allt á þekkingarmiðlun og afleiddri þjónustu við hana/hann.“

Aðgengi að fjármagni áskorun

Margrét segir að aðgengi að fjármagni sé einnig mikil áskorun. „Stækka þyrfti sjóði og leggja áherslu á að til séu sjóðir fyrir öll lífskeið fyrirtækja, veita rými til að taka áhættur og leita sér utanaðkomandi fagþekkingar við mat á nýrri tækni eða markaðar. Einnig virðast íslenskir bankar hvorki vera samkeppnisfærir né með réttar vörur til að fjármagna stækkingu alþjóðafyrirtækja frá Íslandi. Umsvif ríkis og lífeyrissjóða á báðum vettvöngum skýra að hluta stranga áhættustefnu og einnig spilar inn takmarkaður mannauður með sérþekkingu. Fjármagnsfyrirtæki ættu eins og önnur fyrirtæki í auknum mæli að vinna með erlendum sjóðum með fagþekkingu á fjármögnunarleiðum og hugverkaíðnaði.“

Mikilvægt að hlusta á næstu kynslóð

Margrét er á því að við ættum öll að hlusta á næstu kynslóð. „Bæði stjórnvöld og atvinnulíf, ættu að hlusta á þá sem eru að láta heyra í sér á Austurvelli og um víða veröld. Þeir krefjast sjálfbærni og að markmiðum í loftslagsmálum sé breytt í aðgerðir. Til þess þarf skilvirkt og stöðugt rekstrarumhverfi, mannauð og fjármagn að mínu mati.“





Guðlaug Kristinsdóttir ólst upp í sjávarþorpi þar sem hún kynntist framleiðslu og rak sem dæmi um tíma bygginga-vöruverslun með föður sínum.

Morgunblaðið/Hari

Sérstaklega dýrmæt reynsla

Guðlaug Kristbjörg Kristinsdóttir er stjórnarformaður Límtrés Vírnets. Hún hefur starfað sem stjórnarmaður félagsins frá árinu 2010 þegar Stekkur Fjárfestingarfélag, sem Guðlaug stýrir, keypti félagið ásamt öðrum fjárfestum og heimamönnum.

Elínros Líndal / elinros@mbl.is

Saga mín með félaginu er reyndar mun eldri en margir gera sér grein fyrir. Þegar ég var í menntaskóla rak ég byggingarvöruverslun á sumrin á Eskifirði ásamt föður mínum. Mér fannst allt af eitthvað svo heillandi við Vírnet-naglana sem við seldum. Þetta var ein af fáum vörum sem voru framleiddar á Íslandi.“

Alin upp við innlenda framleiðslu

Guðlaug útskýrir að þetta sé vafalaust ein af ástæðunum fyrir því hvað hún er með mikinn metnað fyrir Límtré Vírnets. „Eins er stór hluti starfseminnar á landsbyggðinni. Ég er uppalin í framleiðslu í sjávarplássi á Austfjörðum. Mér finnst það persónulega skipta máli að fyrirtæki eins og okkar nái að lifa af á tímum tæknibreytinga og framfara - nái að aðlagast og sækja fram svo eitthvað sé nefnt.“

Guðlaug segir að starfsmenn Límtrés Vírnets séu um 110 talsins og þar af eru um 70% þeirra staðsett í Borgarnesi eða á Flúðum.

Stjórnarseta er Guðlaugu vel kunn. Hún er einnig stjórnarformaður Securitas og Júpiters, rekstrarfélags Kvikubanka. „Ég er uppalin á Eskifirði, fór til Reykjavíkur í Verzlunarskólann og þaðan lá leið mín til New York.

Guðlaug tók BS-gráðu og MBA í New York ásamt því að vinna á Wall Street sem henni þótti áhugavert fyrir margar sakir.

„Ég bjó erlendis frá 1998 til 2010 en þá fann ég að ég vildi koma heim og taka þátt í einhverju sem ég hafði trú á hér heima. Í dag bý ég í Vesturbænum ásamt 4 ára og 6 ára sonum mínum. Ég næ að sameina á innihaldsríkan hátt allt sem ég hef áhuga á, viðskipti, framleiðslu, fjármál og að sjálf-sögðu fjölskyldulífið sem er mér svo dýrmætt.“

Launin há en íslenskt hugvit mikið

Hverjar eru helstu áskoranir sem fyrirtæki í iðnaði standa frammi fyrir?

„Helsta áskorun iðnfyrirtækja eins og Límtrés Vírnets, sem þjónustar innlendan markað, er samkeppnishæfni við erlendan innflutning. Þar má helst nefna áskoranir sem felast í hærri launakostnaði og hærri vaxtakostnaði okkar miðað við aðra framleiðendur erlendis. Að verða ekki undir í þessu ójafnvægi er alls ekki auðvelt. Fyrir mig þá snýst þetta um að halda samkeppnishæfni okkar með að þróast frá því að vera framleiðslufyrirtæki yfir í þjónustu- og þekkingarfyrirtæki. Það þýðir að við verðum að geta boðið viðskiptavinum okkar betri lausnir og betri þjónustu en keppinautar okkar á erlendri grundu. Þó svo að starfsmenn okkar fái greidd mun hærri laun. Það eina sem gerir þetta mögulegt er að nýta ís-

lenskt hugvit til þess að fyrirtæki eins og okkar haldi stöðu. Reynslan sem fólgin er í mannauði okkar og hugmyndir veita okkur samkeppnisforskot.“

Af hverju skiptir íslensk framleiðsla svona miklu máli að þínu mati?

„Fyrir mér er þetta ekki spurning. Framtíðin er að koma og eins og ég sé hana fyrir mér þá er það hagstæðara fyrir okkur til lengri tíma lítið að framleiða þá hluti sem við þörfumst hér ef aðstæður eru réttar. Auðvitað eru aðstæður hér ekki kjöraðstæður fyrir allar tegundir af framleiðslu. Sem dæmi erum við eflaust ekki að fara að framleiða bíla á Íslandi á næstu misserum. Hinsvegar getur verið svo margt sem ákvarðar hvort aðstæður hér séu kjöraðstæður til framleiðslu.“

Fyrirtæki sem tekur þátt í nýsköpun

Hún segir sem dæmi eina aðal framleiðsluvöru Límtrés Vírnets hið hefðbundna bárujárn sem utanhúsklæðning. „Þegar gera þarf við þak á Íslandi kemur pöntun til okkar upp í Borgarnes og við framleiðum eftir pöntun stærðina sem þarf og getum afhent viðskiptavinum okkar daginn eftir. Þetta er dæmi um þar sem innflutningur hentar illa. Eins settum við að skoða hvaðan efnið er að koma. Í yleiningarnar okkar, sem stundum eru einnig nefndar samlokueiningar, er steinnull pressuð saman með stáli eða áli sem er síðan notað í klæðningu, sem notað er í þök og veggi atvinnuhúsa. Þar er notast við íslenska steinnull frá Sauðakróki. Íslenska steinnullin er líka ein sú umhverfisvænasta í evrópu. Eins flytjum við inn ál og stál í rúllum sem við kaupum á heimsmarkaðsverði.“

Guðlaug telur mikilvægt að horfa til þess að verð á framleiðslutækjum er að lækka almennt. „Ef engin framleiðsla er í gangi til að byrja með þá mun hún heldur ekki geta getið af sér nýjar hugmyndir og vörur. Eitt áhugaverðasta dæmið um þetta að mínu mati er verkefni sem við erum að vinna með Skógrækt ríkisins og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Þetta verkefni felur í sér að skoða hvort hægt sé að nýta íslenskt timbur í límtrés-burðarbita. Í dag er allt timbur innflutt. Hér á landi erum við búin að vera að stunda skógrækt í yfir 60 ár en höfum enn ekki fundið not fyrir viðinn sem kemur frá þessari rækt. Í dag eru tré sem eru gríðuð sett í kurl og brennd. Við viljum vera þátttakendur í að breyta þessu. Það gæti tekið einhver ár að gera verkefni eins og þetta sjálfbært en mér finnst það mikilvægt að við hefjumst handa sem fyrst og fjárfestum þannig í framtíð okkar. Límtré sem burðarvirki er í dag svo miklu vistvænni kostur heldur en stálgrind. Ef það er svo gert úr íslensku timbri erum við komin á enn betri stað að mínu mati.“

Hvaða máli skiptir nýsköpun fyrir Ísland?

„Nýsköpun fyrir mér felst í því að við erum að leita að hagkvæmari og vistvænni lausnum. Við nýtum hugvitið daglega í að breyta svo miklu í samfélaginu. Ég trúi á sömu þróun innan byggingariðnaðarins. Að mínu mati erum við einungis á byrjunarreit þegar kemur að hugmyndum tengdum framtíð atvinnu- og íbúðarhúsnæðis. Það er svo ótal margt sem hægt er að tæknibylta á þessu sviði. Sem dæmi: Hvaða efni eru best fyrir íslenskar aðstæður? Hvernig byggjum við með sem minnstum raun kostnaði?

Við þurfum alltaf að taka inn í reikninginn kostnað umhverfisins.“

Guðlaug útskýrir að þó svo að á síðustu fimm áratugum hafi litlar breytingar orðið á því hvernig við byggjum mannvirkin okkar, þá þýði það ekki að það verði eins næstu fimm áratugin. „Fyrir mér er þetta einstaklega áhugavert. Sem innlendir framleiðandi á byggingarefni viljum við mæta þörfum markaðarins þar sem hann er staddur í dag. En við viljum hugsa til framtíðar og færa okkur í átt til framtíðar.

Tæknivæðing fyrirtækisins spilar þar lykil hlutverki og líka það yngri tæknimenntaða fólk sem kemur að vinna með okkur. Það er nefnilega svo athyglisvert að fylgjast með því sem gerist ef maður setur reynslumikið fólk í teymi með yngri fólki sem sér tækifærin í breytingum og tækninýjungum.“

Eru einhverjir veikleikar á nýsköpunarumhverfinu á Íslandi að þínu mati?

„Veikleikarnir eru ef til vill helst það hversu erfitt það er að fá fyrirtæki í ríkiseigu til þess að taka þátt í nýsköpun. Það er líklegast eðli þeirra að breytast ekki. En hér á Íslandi eru svo ótal mörg tækifæri sem leynast í opinberum rekstri. Þegar hið opinbera er ekki tilbúið að aðlagast framtíðinni með þeim fyrirtækjum sem eru hér að reyna að vinna að nýsköpun reynist þetta erfiðara.“

Að byggja undir íslenskt hugvit mikilvægt

Guðlaug er meðvituð um að sífellt fleiri fyrirtæki í eigu ríkisins sem og stofnanir séu að opna á ný tækifæri. „Ungt vel menntað fólk sem starfar þar er að hafa jákvæð áhrif. Vel menntað ungt fólk sem vill færa vinnustaðinn sinn nær samtímanum. En við þurfum að gefa þeim nægilegan stuðning til þess og ég er ekki viss um að hið opinbera geri það af fullum krafti.“

Guðlaug er jákvæð að eðlisfari og bjartsýn á framtíð iðnaðar í landinu. „Jarðvegurinn er frjór og ef við vinnum áfram í að búa til betri aðstæður trúi ég því að íslenskt hugvit og íslenskur iðnaður muni blómstra. Þá erum við að leggja grunn að nýrri útflutningsgrein sem gæti skipt máli í stærra samhenginu.“

Árni Oddur er á því að Ísland þurfi að bjóða upp á samkeppnishæft umhverfi fyrir fólk og fyrirtæki.



Ljósmynd/Aðsend

„Ættum að vera fremst í stafrænni stjórnsýslu“

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marel, stýrir einu verðmætasta fyrirtæki í íslensku kauphöllinni um þessar mundir. Félagið er með yfir 6.000 starfsmenn í meira en 30 löndum og leggur gífurlega fjármuni til að fjárfesta í nýsköpun árlega. Hann dáist að fyrirtækjum í nýsköpun og segir umhverfið hér áhugavert en krefjandi.

Elínros Líndal | elinros@mbl.is

Á hverju ári leggur Marel til 6% af tekjum sínum til nýsköpunar, sem voru um 9,8 milljarðar íslenskra króna árið 2018. Félagið er með yfir 6.000 starfsmenn í meira en 30 löndum og veltir 1,2 milljörðum evra á ári við sölu á búnaði og þjónustu til vinnslu á kjúklingi, kjöti og fiski, segir Árni Oddur.

Mannauðurinn verðmætur

„Það er fyrst og fremst mannauðurinn og gott samstarf við viðskiptavinum sem útskýrir árangur Marel. Saman höfum við haft ástríðu og sköpunargleði til að umbreyta matvælaíðnaði, fyrst í sjávarútvegi á Íslandi og nú erum við leiðandi fyrirtæki á heimsvísu með hátæknilausnir og þjónustu fyrir fisk, kjöt og kjúklingamarkað. Skýr framtíðarsýn og það að ætla sér ekki að sigra heiminn á einni nóttu, en vaxa frekar skipulega skref fyrir skref. Enn eru óþrjótandi tækifæri til að umbylta matvælamarkaðinum og eina raunhæfa lausnin til að mæta vaxandi eftirspurn á heimsvísu eftir matvælum er að auka fjárfestingu í tækni og nýsköpun á öllum stigum virðisæðjunnar.“

Árni Oddur er á því að nýsköpun skipti öllu máli fyrir Ísland. „Nýsköpun á að vera drifkrafturinn í öllu sem við gerum. Við erum í miðri tæknibyltingu þar sem stafræn tækni og nýting gagna mun gjörbylta hvernig við gerum nánast alla hluti. Aftur til Marel, við erum þeirrar gæfu aðnjótandi að frumkvöðlar Marel í Háskóla Íslands og í sjávarútvegi hér á landi höfu vegferðina með söfnun, miðlun og úrvinnslu gagna. Á þessum grunni byggjum við. Með stöðugri nýsköpun og markaðssókn höfum við vaxið sem stutt hefur verið með yfirtökum, til að flyta ferlinu. Árlega höfum við fjárfest um 6% af veltu í nýsköpun allt frá stofnun.“

Hann segir Ísland ekki hentugust staðsetninguna fyrir margvíslega framleiðslu tengda iðnaði.

„Á sama tíma búum við yfir hugviti og ágætri verkunnáttu. Það hefur gert það að verkum að starfsmönnum Marel á Íslandi hefur fjölgað hratt og telja nú 700 starfsmenn af 6000 starfsmönnum í heildina. Við höfum farið þá leið að skilgreina starfsstöð á Íslandi sem höfuðstöðvar og nýsköpunarmiðstöð. Til að styðja við nýsköpunarmiðstöðina höfum við framleiðslustöð þar sem við framleiðum fyrstu eintök af margvíslegum vörum og styðjum við næstu kynslóð lausna fyrir viðskiptavinum okkar. Fjöldaframleiðsla á þessum vörum fer svo fram í Slóvakíu og mun einnig verða meiri í Brasilíu og Kína. Margvíslegar vörur sem hafa verið hannaðar hér í nánú samstarfi við sjávarútveginn hafa nýst vel í kjúklinga- og kjötiðnaði. Má þar nefna SensorX sem þróað var til að greina bein í fiski en er nú söluhæsta vara okkar í kjúklingaiðnaði.“

Hann segir samspil iðnmenntunar og og háskólamenntunar mikilvæga. „Um margt hafa íslensk stjórnvöld gert vel við að styðja við nýsköpun síðustu ár. Við skulum ekki gleyma að til þess að verða farsælt iðnfyrirtæki eða tæknifyrirtæki þurfum við að hefja vegferðina sem litlir sprotar og vaxa svo og dafna.“

Fjármögnunarkostnaður og vaxtarstig úr takti

Hverjar eru helstu áskoranir sem fyrirtæki í iðnaði standa frammi fyrir?

„Iðnfyrirtækin á Íslandi í dag standa frammi fyrir margvíslegum áskorunum sem eru um margt ólíkar þeim sem alþjóðlegt fyrirtæki á borð við Marel mætir.

Má þar helst nefna fjármögnun sem er ein grunnforsenda í rekstrarhæfni fyrirtækja. Fjármögnunarkostnaður og vaxtarstig á Íslandi er í engum takti við samkeppnislönd okkar. Í raun þurfa íslensk fyrirtæki að greiða þennan kostnað í tvígang, fyrst í formi hárra launa og síðan sem fjármagnskostnað

af rekstri. Laun starfsfólks hér á landi þurfa að vera um 120% af launum starfsfólks í samkeppnislöndum okkar til þess að fólkið okkar sé jafnsett. Það stafar af því að sökum hárra vaxta þurfa íslenskir íbúðarkaupendur í raun að greiða íbúðina þrisvar sinnum þegar allt er tekið inn á meðan að íbúðarkaupendur í Evrópu þurfa að greiða hana einu og hálfu sinni.

Við í Marel búum við önnur skilyrði þar sem 99% tekna koma utan Íslands og öll fjármögnun fer fram í gegnum alþjóðlega banka. Ég dáist í raun að því hvernig smærri fyrirtæki hér á landi fara að þessu því að skilyrðin hér eru sannarlega krefjandi og ólík erlendum samkeppnisaðilum þeirra. Á sama tíma má ekki heldur gleyma því að hér eru einnig til staðar þættir sem ættu að gera okkur kleift að skara framúr. Við erum með vel menntað og skapandi fólk, við eigum náttúruauðlindir á borð við fiskinn í sjónum og jarðhita, við búum við frelsi af ýmsu tagi sem þekkist ekki annars staðar.“

Má ekki vera erfiðara hér

Geturðu nefnt úrbætur sem ráðast þarf í til að efla samkeppnishæfni iðnaðar á Íslandi?

„Regluverkið í rekstrarumhverfi fyrirtækja, skattar og annað þarf að vera gagnsætt og skilvirk. Það má ekki vera erfiðara eða flóknara að reka fyrirtæki og vera með starfsfólk í vinnu hér á landi heldur en í nágrannaríkjum okkar. Hvernig má það vera t.a.m. að úrskurðir í samkeppnismálum taka mánuði hér á landi þegar það er talið í dögum á mun stærri mörkuðum? Við eigum að nýta okkur kosti smæðarinnar og vera fremst í stafrænni stjórnsýslu og hafa skilvirkni að leiðarljósi. Við höfum alla burði í að stíga þessi farsælu skref og metnaður í þessum efnun skapar grósku og gott umhverfi fyrir fyrirtækin í landinu sem og samfélagið allt.“



Hið opinbera þarf að sýna gott fordæmi að mati Sigurðar þegar kemur að stefnumótun atvinnugreina og langtíma-hugsun. Enda eyðir hið opinbera 40 krónum af hverjum 100 í hagkerfinu. „Vali fylgir ábyrgð.“

Morgunblaðið/Eggert

Samvinna lykillinn að árangri

Sigurður Hannesson er framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Hann segir efnahagsmálin brenna á félagsmönnum en þessi misserin ríkir talsverð óvissa í hagkerfinu enda eru deilur á vinnumarkaði og hagkerfið að kólna.

Elinrós Líndal | elinros@mbi.is

Úsnæðis- og byggingamál hafa verið í brennidepli undanfarið ár, ekki síst í tengslum við stöðu á vinnumarkaði. Einfalda verður stjórnsýslu og hafa Samtök iðnaðarins lagt til að innviðaráðuneyti verði komið á laggirnar til að tryggja yfirsýn og ábyrgð. Það skortir ódýrar íbúðir á markaðinn og þar þurfa allir að leggjast á eitt, ríki, sveitarfélög og iðnaðurinn.“

Menntamálin alltaf ofarlega á baugi

Sigurður segir að menntamálin séu alltaf ofarlega í huga félagsmanna enda skiptir miklu máli að geta fengið hæft fólk til starfa. „Á síðustu árum hefur nýsköpun fengið meiri sess enda þurfa öll fyrirtæki að huga að þróun og að innleiða nýjungar til að skara fram úr.

Umhverfis- og loftslagsmál skipta meira máli nú en áður. Um helmingur forsvarsmanna iðnfyrirtækja sagði þau mál skipta miklu máli nú en var ríflega 40% á síðasta ári. Ríkisstjórnin leggur áherslu á loftslagsmálin eins og sjá má í stjórnarsáttmálanum og með aðgerðaráætlun í málaflokknum sem kynnt var síðastliðið haust. Það var mikil hvatning sem skilar sér í yfirlýsingu um samstarf stjórnvalda og atvinnulífs um loftslagsmál og grænar lausnir sem verður undirrituð á næstu dögum. Í framhaldinu verður stofnaður samstarfsvettvangur um málið sem fyrirtæki munu eiga aðild að. Þannig verður stuðlað að miðlun lausna, auknu virði útflutnings og vitundarvakningu um málefnið. Okkur hefur að mörgu leyti tekist vel upp og það er mikill metnaður til að ná mun meiri árangri og draga úr losun. Samvinna er lykillinn að árangri.“

Skýr merki um kólnun

Hvað geturðu sagt mér um þær niðurstöður sem komu fram í nýrri könnun sem gerð var meðal félagsmanna SI og hvaða vísbendingar gefa þær niðurstöður?

„Skýr merki eru um kólnun ef marka má niðurstöður könnunar sem gerð var meðal félagsmanna Samtaka iðnaðarins á dögnum. Skyndileg breyting í viðhorfum á milli ára gefur til kynna að vendipunktur í efnahagsmálum sé í nánd. Sést það m.a. á stöðunni á vinnumarkaði en samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar hyggjast íslensk iðnfyrirtæki fækka starfsfólki og hækka vöruverð til að mæta fyrirséðum launahækkunum í

komandi kjarasamningum. Þetta er ávísun á aukið atvinnuleysi og aukna verðbólgu verði launahækkanir miklar.

Horfur hafa versnað að mati forsvarsmanna iðnfyrirtækja. Um 40% félagsmanna telja efnahagsaðstæður nú vera góðar sem er mun lægra en fyrir ári síðan þegar um 65% félagsmanna töldu aðstæður vera góðar. Bera niðurstöðurnar vott um þá miklu óvissu sem ríkir um efnahagshorfur nú á vormánuðum m.a. vegna kjaraviðræðna. Væntingar forsvarsmanna iðnfyrirtækja til hagvaxtar á næstunni eru á hraðri niðurleið en um þriðjungur telur að aðstæður í efnahagslífinu versni á næstu 6-12 mánuðum miðað við 14% árið áður. Mestrar svartsýni gætir hjá forsvarsmönnum stórra fyrirtækja.“

Hver er hlutur iðnaðar í verðmæti hagkerfisins?
„Iðnaður er undirstaða í íslensku hagkerfi og leggur grunn að þeim lífsgæðum sem við þekkjum. Iðnaður er borinn uppi af um 40 þúsund manns eða einum af hverjum fimm á vinnumarkaði, skapar um 30% útflutningstekna og tæplega fjórðung landsframleiðslu. Þá er fjölbreyttur iðnaður til þess fallinn að auka stöðugleika og draga úr sveiflum. Innan raða Samtaka iðnaðarins eru ólík fyrirtæki í fjölbreyttri starfsemi, matvælaíðnaði, tölvuleikjagerð, félög iðnmeistara í ólíkum greinum, orkusækin fyrirtæki og kvikmyndaframleiðendur svo dæmi séu nefnd.“

Samkeppnishæfni er heimsmeistaramót þjóða

Í ræðu þinni á Iðnþingi nefndirðu að samkeppnishæfni væri nokkurs konar heimsmeistaramót þjóða í lífsgæðum og með aukinni samkeppnishæfni verði til aukin verðmæti og þar af leiðandi sé meira til skiptanna. Hvað þarf til að auka samkeppnishæfnina hér á landi?

„Ríki heims vinna stöðugt að því að bæta sína stöðu. Þess vegna eigum við að vinna að umbótum svo Ísland dragist ekki aftur úr. Fjórar meginstöðir samkeppnishæfni eru menntun, efnislegir innviðir, nýsköpun og starfsumhverfi. Með umbótum í þessum fjórum málaflokkum eykst samkeppnishæfni þannig að við stöndum betur að vígi sem gerir fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra kleift að skapa meiri verðmæti. Þannig verður meira til skiptanna og lífsgæði landsmanna aukast. Í þessum anda réðust Samtök iðnaðarins í ítarlega stefnumótun á síðasta ári með virkri aðkomu félagsmanna. Afrakstur þeirrar vinnu er

skýrsla um atvinnustefnu þar sem mótuð er framtíðarsýn fyrir Ísland árið 2050, sett eru fram markmið í málaflokkunum fjór-um og samtals eru lagðar til um 70 tillögur til úrbóta sem hrinda mætti í framkvæmd á næstunni til þess að auka samkeppnishæfni Íslands. Í tengslum við þessa vinnu var menntastefna samtakanna kynnt sérstaklega síðasta haust og nýsköpunarstefna kynnt nú eftir áramótin. Þannig leggja samtökin til lausnir við þeim áskorunum sem framundan eru.“

Hjónaband verkvits og hugvits

Hverjar eru helstu áskoranir iðnaðar í framtíðinni og hvernig vilt þú að brugðist verði við þeim?

„Annars vegar þarf iðnaðurinn að aðlaga sig að tækni-framförum en hins vegar að leysa samfélagsleg viðfangsefni eins og loftslagsmálin og öldrun þjóða. Þetta verður gert með nýsköpun og samblandi ólíkra greina enda verða töfrarnir til með hjónabandi verkvits og hugvits. Þessa þróun þarf samfélagið að styðja og ýta undir enda viljum við leggja okkar lóð á vogarskálarnar en ekki eingöngu bíða eftir lausnum frá útlöndum.“

Vali fylgir ábyrgð

Sigurður segir alla þekkja dæmi um iðnað sem stundaður var hér á landi en er ekki lengur til í dag. „Vatnsberarnir sem sáu borgarbúum fyrir vatni misstu hlutverk sitt vegna eðlilegra framfara þegar pípulagnir tengdu vatnsból við húsin í borginni. Þetta á ekki alltaf við. Nú á tímum eiga sumar iðngreinar í vök að verjast og til marks um það er skrátið til þess að hugsa að sjálf bókaþjóðin prentar ekki sínar bækur á Íslandi eins og áður var enda leituðu útgefendur í sífellt meira mæli út fyrir landsteinana með stór verkefni. Það kann að vera að slíkt hafi borgað sig til skamms tíma. En ekki til lengri tíma lítið.

Þegar möguleikunum hér á landi fækkaði spratt upp mikil eftirsjá hjá bókaútgefendum sem kunnu að meta þjónustuna þegar hennar naut ekki lengur við. Við tryggjum ekki eftir á.

Sömu örlög kunna að bíða annarra greina vegna þess að við gætum ekki að langtímahagsmunum okkar. Þar þarf hið opinbera að ganga á undan með góðu fordæmi enda eyðir hið opinbera 40 krónum af hverjum 100 í hagkerfinu. Vali fylgir ábyrgð.“

Myllu heilkornabrauð
LÍFSKORN
Lífskorn færir þér máltíð af akrinum

Ekkert ger
Ekkert hvítt hveiti
Inniheldur spelthveiti

trefjaríkt



NÝTT LÍFSKORN FYRIR HEILSUNA


V
VEGAN

Lífskorn – Sjö tegundir af fræi og korni er nýjasti fjölskyldumeðlimurinn í Lífskornalínunni. Frábær kostur fyrir alla sem hugsa um heilsuna. Það inniheldur Hafröflögur, sólblómafræ, hörfræ, bygg, graskersfræ og rúg en ekkert hvítt hveiti og ekkert ger. Trefjaríkt og gómsætt brauðið er vegan og sérstaklega þétt og saðsamt.

Lífskorn er trefjagjafi þinn – fræsafn þitt og heilsurækt – Það hefur hátt hlutfall heilkorns, með gott hlutfall góðrar fitu og inniheldur lítið af salti.

Safnaðu góðri orku, fáðu þér Lífskorn í dag.
Lífskorn færir þér máltíð af akrinum.


*Bragðaðu
nýtt Lífskorn
- strax í dag*



Ræktaðu huga og líkama
- fáðu þér Lífskorn heilkornabrauð frá Myllunni



Þekking í verki



Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði.

Reynsla og þekking skilar sér til viðskiptavina í traustri og faglegri ráðgjöf og fjölbreyttum lausnum.



Ofanleiti 2 | 103 Reykjavík | 422 8000